

Jónsmessunefnd

10. desember 2025

Mætt: Arnar Þór Sævarsson, Guðni Geir Einarsson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Hermann Sæmundsson, Ingilín Kristmannsdóttir, Jóhanna Sigurjónsdóttir, Jón Björn Hákonarson og Marta Guðrún Skúladóttir.

Auk þess sátu fundinn Helga María Pálsdóttir, Saga Guðmundsdóttir og Þórdís Sveinsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Jafnframt sátu fundinn Helga Jónsdóttir frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu vegna 1. og 2. liðar og Jóna Guðný Eyjólfsdóttir og Tryggi Þórhallsson frá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu vegna 3. liðar.

1. Samráðsnefnd um opinber fjármál

Helga Jónsdóttir frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, formaður samráðsnefndar um opinber fjármál, fór yfir þau verkefni sem nefndinni hefur verið falið en ekki hefur verið skýrt hverjar afurðir verkefnanna ættu að vera.

- Traustari og bættari talnagrunnur um fjármál sveitarfélaga til að treysta forsendur fjármálastefnu og fjármálaáætlunar.
 - Um er að ræða upplýsingaveitu sveitarfélaga sem reglulega hefur verið til umræðu í bæði samráðsnefnd um opinber fjármál og í Jónsmessunefnd. Verkefnið er í góðum farvegi.
- Efling hagstjórnarpáttar opinberra fjármála.
 - Þetta verkefni er í farvegi og Jónsmessunefnd sammála um að ekki þurfi að fylgja því sérstaklega eftir á vettvangi nefndarinnar.
- Endurskoðun vinnubragða og samráðs ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál.
 - Þetta verkefni er í farvegi og Jónsmessunefnd sammála um að ekki þurfi að fylgja því sérstaklega eftir á vettvangi nefndarinnar.
- Viðmið um fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga.
 - Innviðaráðherra hefur skipað starfshóp sem hefur verið falið að móta viðmið um sjálfbærni sveitarfélaga, þ.m.t. fjárhagslega sjálfbærni.

Einnig var rætt að formgera það hvernig verkefni berast nefndinni. Jóhanna Sigurjónsdóttir frá innviðaráðuneytinu hefur útbúið eyðublað sem samþykkt var að verði framvegis notað þegar Jónsmessunefnd felur samráðsnefndinni eða öðrum aðila verkefni. Einnig rætt að erindisbréf nefndarinnar frá árinu 2017 verði skoðað m.t.t. þess hvort það þurfi að endurskoða.

2. Samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga

Helga Jónsdóttir frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu fór yfir tvö verkefni sem fram koma í eldri samkomulögum um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga.

- Kostnaður og umsýsla við innheimtu útsvars.
 - Vilji fyrir því að koma þessu verkefni í farveg, skilgreina hvað felst í því og vinna áfram með Sambandinu.
- Aukin samvinna um bætt skattskil.
 - Jónsmessunefnd samþykkti að falla frá þessu verkefni.

3. Málefni fatlaðs fólks

Helga María Pálsdóttir og Saga Guðmundsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga kynntu helstu vörður sl. ár í fjármögnun þjónustunnar og stöðuna á rekstri málaflokksins, tækifæri til hagræðingar, fjölbreyttari lausnir í búsetuúrræðum og mögulegar breytingar á regluverki. Sveitarfélögin kalla eftir samtali við stjórnvöld um sértæk búsetuúrræði og NPA samninga. Leggja að sama skapi til samkomulag stjórnvalda um aðgerðaáætlun til næstu 7-10 ára um hvernig eigi að fullfjármagna málaflokkinn og eyða biðlistum.

Jóna Guðný Eyjólfsdóttir og Tryggvi Þórhallsson sátu fundinn fyrir hönd félags- og húsnæðismálaráðuneytisins (FRN). FRN er að fara af stað með hóp sem á að skoða lausnir varðandi sértæk búsetuúrræði. Einnig að hefjast vinna við endurskoðun NPA reglugerðarinnar og gera ráð fyrir að SIS-mat verði innleitt í lög nr. 38/2018.

Sambandið og FRN ræða næstu skref en Sambandið leggur áherslu á að hraða vinnunni eins og kostur er.

4. Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga

Jóhanna Sigurjónsdóttir frá innviðaráðuneytinu og Helga María Pálsdóttir og Þórdís Sveinsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga fóru yfir stöðu aðgerða í aðgerðaáætlun stefnumótandi áætlunar fyrir árin 2024-2028.

Allar aðgerðir eru í vinnslu en tvær eru komnar skammt á veg, þ.e. aðgerð 10 um þróun mælaborðs um jafnrétti og aðgerð 14 sem felur í sér að nýta betur krafta innflytjenda og fjölga þeim í starfsliði sveitarfélaga, m.a. í því skyni að bæta þjónustu við íbúa í hópi innflytjenda og fjölga starfstækifærum þeirra.

Tveimur aðgerðum er lokið, þ.e. aðgerð 5 sem fól í sér endurskoðun á regluverki um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og aðgerð 7 sem fól í sér kortlagningu á aðgerðum sveitarfélaganna í umhverfis- og loftslagsmálum.